

40. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 04.04 2017, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita

2. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2016, fyrri umræða

3. Frumatsskýrsla Kröflulínu 3

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 13.03 2017

4. Aðalfundarboð Skógarorku ehf

5. Laugarfell

Starfsmannahús, fyrirhugaðar framkvæmdir

6. Hengifoss

7. Bréf

a) Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum dags. 20.03 2017

b) Ferðamálastofa 2 bréf dags. 16.03 2017

c) Ferðamálastofa dags. 27.03 2017

d) Afrit af bréf Orkustofnunar til SSA dags. 16.03 2017

e) Forsætisráðuneytið dags. 03.03 2017

f) Helgi Hallgrímsson dags. 01.03 2017

g) Starfsháttanefnd Austurbrúar ses dags. 29.03 2017

h) SSA dags. 29.03 2017

6. Fjárbeiðnir

a) Skógardagurinn mikli 2017

b) List án landamæra

c) Bjarni Thor Haraldsson

7. Fundargerðir

a) Byggingar-og skipulagsnefnd 24.03

b) Stjórn Skógarorku ehf 20.03

c) Svæðaskipulagsnefnd SSA 14.03

d) Ársalir 08.02

e) Samtök orkusveitarfélaga 10.03

f) Félagsmálanefnd 29.03

8. Önnur mál.

1. Skýrsla oddvita.

Samkvæmt upplýsingum frá Velferðarráðuneytinu skal framlag sveitarfélaga til orlofsnefnda á hverju svæði vera minnst kr. 108,47 fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins. Framlagið skal greiða orlofsnefnd við komandi orlofssvæðis fyrir 15.maí skv. 5.gr laga nr. 53/1972. Um er að ræða svonefnt húsmæðraorlof.

Oddviti sat aðalfund Gróðrarstöðvarinnar Barra ehf sem haldinn var 28.03 sl. Samþykkt var tillaga stjórnar um hækkun hlutafjár um kr. 5.000.000,- og komu fram upplýsingar um að viljrði hluthafa fyrir því hlutafé liggja fyrir.

Oddviti sat fund sem Íbúðalánasjóður boðaði til á Egilsstöðum 09.03, um gerð húsnæðisáætlana. Einnig sat oddviti fund sem SSA boðaði til 14.03 um almenningssamgöngur á Austurlandi.

Lárus mætti fyrir Fljótsdalshrepp er ný aðstaða Vatnajökulsþjóðgarðs í Fellabæ var opnuð 21.03.

Fulltrúar frá Landsneti og Eflu óskuðu eftir fundi með sveitarstjórn og byggingarnefnd til kynningar á frummatsskýrslu Kröflulínu 3. Fundað var í Végarði 28.03.

Oddviti var viðstödd opnun heimasíðunnar www.austurland.is, sem er heimasíða Áfangastaðarverkefnisins. Athöfnin fór fram á Egilsstaðaflugvelli 22. 03.

Aðildarsveitarfélögum voru afhent kynningargögn og fáni og börn úr sveitarfélögunum á svæðinu tóku þátt í athöfninni.

Í undirbúningi er að setja upp hleðslustöð er Orkusalan færði Fljótsdalshreppi að gjöf, stöðin verður sett upp við Snæfellsstofu.

Oddviti sat Landsþing sveitarfélaga í Reykjavík 24.03.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur opnað vistgerðarkortasjá, kortasjána er vistuð á vef Náttúrufræðistofnunar www.ni.is

Landsvirkjun hefur gefið út skýrsluna Heiðargæsarannsóknir á vatnasviði Kárahnjúkavirkjunar árið 2016

Skógræktin hefur gefið út bæklinginn Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga.

2. **Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2016**, fyrri umræða. Ársreikningurinn kynntur og að lokinni yfirferð var honum vísað til síðari umræðu.

3. **Frumatsskýrsla Kröflulínu 3**. Bréf Skipulagsstofnunar dags. 13.03 2017. Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Fljótsdalshrepps og að hún berist fyrir 10. apríl. Sveitarstjórn samþykkir að óska er eftir fresti til 5. maí, til þess að skila umsögn um frummatsgögn og oddvita og lögmanni sveitarfélagsins er falið að vinna drög að umsögn.

- 4. Aðalfundarboð Skógarorku ehf.** Aðalfundur verður fimmtudag 06.04. Einhleypingi 1 kl. 17.00. Oddviti mætir sem stjórnarmaður. Lárusi falið að fara með umboð sveitarfélagsins á fundinum. Ársreikningur Skógarorku 2016 kynntur.
- 5. Laugarfell.** Starfsmannahús, fyrirhugaðar framkvæmdir. Gámahúsið hefur verið keypt af rekstraraðilum. Búið er að vinna teikningar og gera kostnaðaráætlun fyrir byggingu þaks og forstofu. Einnig hefur Byggingar-og skipulagsnefnd afgreitt byggingarleyfisbeiðni. Samþykkt að gerð verði verðkönnun meðal verktaka á svæðinu vegna framkvæmdanna sem stefnt er að í sumar.
- 6. Hengifoss.** Sveitarstjórn mun óska eftir viðræðum við landeigendur Mela um landafnot fyrir uppbyggingu á salernis-og aðstöðuhúsi og í framhaldi verði farið í viðræður við arkitekt af verðlaunatilögu. Umræða varð um kostnað við fullnaðarhönnun og þykir ljóst að styrkur úr Framkvæmdasjóði sem fékkst til þess, mun ekki dekkja þann kostnað.
- 7. Bréf.**
- Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum dags. 20.03 2017. Vakin er athygli á þörf fyrir að viðhalda slóðum og smalavegum á heiðum. Félagið er tilbúið að fylgjast með ástandi slóða og koma upplýsingum um ástand þeirra til sveitarstjórna.
 - Ferðamálastofa 2 bréf dags. 16.03 2017. Kynnt. Fljótaldalshreppur fær kr 4 millj til fullnaðarhönnun aðstöðubyggingar við Hengifossá og umhverfi og kr 12.8 millj til endurbóta gönguleiðar upp að Hengifossi.
 - Ferðamálastofa dags. 27.03 2017. Kynnt. Sveitarfélagið fær synjun vegna umsóknar um styrk til byggingar aðstöðuhúss við Hengifossá.
 - Afrit af bréf Orkustofnunar til SSA dags. 16.03 2017. Kynnt. SSA, að beiðni Orkustofnunar er að kalla eftir hugmyndum af smávirkjunum á svæðinu, ekki þó minni en 10 MW. Sveitarstjórn hefur ekki uppl um slíka virkjunarkosti í sveitarfélaginu.
 - Forsætisráðuneytið dags. 03.03 2017. Boðað til fundar um málefni þjóðlendna 31. maí á skrifstofu Fljótaldalshéraðs kl 9.00
 - Helgi Hallgrímsson dags. 01.03 2017. Kynnt. Varðar heimildir og gögn sem eru í vörslu Helga, vegna útgáfu og vinnslu Fljótaldælu.
 - Starfsháttanefnd Austurbrúar ses dags. 29.03 2017. Óskað eftir tilnefningu í stjórn Austurbrúar. Sveitarstjórn nýtir ekki tilnefningarétt.
 - SSA dags. 29.03 2017. Kannaður er áhugi sveitarfélaga á svæði SSA, um að taka sameiginlega þátt í gerð húsnæðisáætlunar sveitarfélaga á Austurlandi. Sveitarstjórn tekur vel í þær hugmyndir og lýsir yfir vilja til þess að taka þátt í slíku starfi.
- 8. Fjárbeiðnir**
- Skógardagurinn mikli 2017. Samþykkt að leggja fram styrk kr 75.000-
 - List án landamæra. Samþykkt að styrkja sýningu 2017 sem m.a. verður sett upp á Skriðuklaustri, um kr. 25.000-
 - Bjarni Thor Haraldsson. Hafnað.
- 9. Fundargerðir**

- a) Byggingar-og skipulagsnefnd 24.03. Kynnt. Fundargerðin er í fjórum liðum. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina og afgreiðslu byggingarnefndar.
- b) Stjórn Skógarorku ehf 20.03. Kynnt. Fram kemur í fundargerð að stjórn félagsins telji það ekki lengur rekstrarhæft.
- c) Svæðaskipulagsnefnd SSA 14.03. Kynnt.
- d) Ársalir 08.02. Kynnt.
- e) Samtök orkusveitarfélaga 10.03. Kynnt.
- f) Félagsmálanefnd 29.03. Kynnt.

10. Önnur mál.

- a) Málþing um ferðamál og ferðabjónustu í Fljótsdals verður haldið í Végarði föstudaginn 7. apríl kl 13.00 – 17.30.
- b) Lögmaður sveitarfélagsins telur að Fljótsdalshreppur hafi ekki heimild til að endurkrefja fjáreigendur um þann kostnað sem sveitarfélagið hefur borið samkvæmt þegar greiddum reikningum, vegna smölunar fjár í eftirleitum (fjallskila) fyrri ára. Heimild til gjaldtöku þyrfti að byggja á ákvæði í Fjallskilasamþykkt Múlasýslna ,sem er ekki fyrir hendi.
- c) Oddviti kynnti erindi frá Hilmarí Gunnlaugssyni fasteignasala , þar sem fram koma athugasemdir frá kaupanda barnaskólans á Hallormsstað vegna meintra galla á eigninni, í erindinu kemur fram hvert sé sjónarmið kaupanda til lausnar málsins. Afstaða sveitarstjórnar er sú sama og kynnt var með bréfi dags. 14.06 2016 , seljendum hafi ekki verið ljóst við sölu að yfirvofandi væri uppnám á rekstrargrundvelli kyndistöðvarinnar Skógarorku. Sveitarstjórn telur að kvörtun kaupanda eigi ekki við rök að styðjast og er bótaskyldu hafnað.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.30

Þorvarður ritaði fundargerði í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)